

Gjalddagi árgjalda er 1. apríl ár hvert.

Skip þau, er getur í síðustu mgr. 1. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

3. gr.

5. gr. orðist þannig:

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

- a) Fyrir leiðsögn til hafnarinnar, að bólvirki eða lægi, kr. 3 100.00 fyrir hvert skip, auk kr. 7.80 fyrir hverja brúttórúmllest. Fyrir leiðsögn frá bólvirki eða lægi og úr höfninni greiðist sama gjald.
- b) Fyrir leiðsögn um höfnina skal greiða hálf t gjald samkvæmt lið a.
- c) Auk þess skal hvert skip, sem fær hafnsögumann, greiða kr. 675.00 í hafnsögusjóð.

4. gr.

Gjöld samkvæmt vörugjaldskrá í 10. gr. skulu vera sem hér segir:

1. Fyrir vörur í 1. flokki kr. 284.00 fyrir hver 1000 kg.
 2. Fyrir vörur í 2. flokki kr. 600.00 fyrir hver 1000 kg.
 3. Fyrir vörur í 3. flokki kr. 1 660.00 fyrir hver 1000 kg.
 4. Fyrir vörur í 4. flokki kr. 162.00 fyrir hvern rúmmetra.
 5. Gjald skv. 5. flokki skal vera 0.85%.
- Lágmarksgjald skv. 2. mgr. 5. fl. skal vera kr 135. 00.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 196 5. maí 1977.

Samgönguráðuneytið, 4. apríl 1978.

Halldór E. Sigurðsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Ólafsfjarðar, nr. 368 5. ágúst 1975, með síðari breytingum.

4. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a. Fastagjöld kr. 1 000 á mánuði fyrir hvern aðalhemil.
- b. Vatnsgjald kr. 1 600 á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Ólafsfjarðar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. maí 1978, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 25. apríl 1978.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.